



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Til borgarráðs

Málsnr.: 706030005
Skjalasafn Ráðhúss
23 MAI 2008
Bréfalykill: A-5800

Alþingi
Erindi nr. P 135/2940
komudagur 23. S. 2008

Reykjavík, 14. maí 2008
Tilvísun: 2006100245

Umsögn Reykjavíkurborgar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun 2007-2010

Með bréfi, dags. 29. apríl sl. sendi samgöngunefnd Alþingis til umsagnar tillögu til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun 2007-2010, 519. mál flýting framkvæmda. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er til 22. maí n.k. Undirritaður hefur yfirfarið tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:


Það vekur sérstaka athygli að lagt er af stað með nýjar stórframkvæmdir á landsbyggðinni meðan dregið er saman á Höfuðborgarsvæðinu. Þrenn ný jarðgöng eru sett á framkvæmdaáætlun, Vaðlaheiðargöng, Dýrafjarðargöng og Norðfjarðargöng. Á sama tíma teyja samgönguyfirvöld vinnu við Sundagöng sem Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélag landsins er með á stefnuskrá sinni. Ljóst er að hægt er að hefja hönnun þeirra þótt mati á umhverfisáhrifum sé ekki lokið. Samgönguráðherra hefur ekki svarað óskum borgarstjórnar um að það verði gert. Þess er krafist að fjármagn til Sundaganga verði tryggt.

Til að greiða fyrir almenningssamgöngum, og öðrum samgöngumátum og úrbótum í umhverfismálum hafa sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu lagt til að verja 150-200 mkr. á ári. Ekki hefur verið komið á mótis við þær óskir í viðaukanum við samgönguáætlun og hefur Reykjavíkurborg orðið að fjármagna hluta af forgangsreinum fyrir almenningssamgöngur (strætóreinum) við þjóðvegi í Reykjavík, sem eru til framkvæmda á þessu ári. Þennan lið vantar í samgönguáætlun.

Lagt er til að í samgönguáætlun sé upphæð til smáverka á Höfuðborgarsvæðinu, um 150 mkr. á ári til ýmissa minni háttar endurbóta á gatnamótum og akreinum, sem grípa má til að greiða fyrir umferð. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru að hefja vinnu við að skoða slíkar aðgerðir í samvinnu við Samgönguráðuneytið og Vegagerðina.

Fjármagn til viðhalds bundinna slitlaga er hækkað um ca. 40%. Nauðsynlegt var að hækka viðhaldsfé og þess krafist að hækkunin skili sér í samninga um veghald á þjóðvegum í Reykjavík. Viðhaldsfé hefur ekki hækkað í samræmi við viðhaldsþörf, sem er áhyggjuefni. Miklar verðlagshækkunarir hafa orðið á olúvörum til slitlagagerðar, sem leiðir til minni framkvæmdagetu.

f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar


Ólafur Bjarnason
samgöngustjóri